

VEIÐIMÁLASTOFNUNIN



SIGURÐUR MÁR EINARSSON

SLEPPINGAR Á SUMARÖLDUM LAXASEIÐUM
Í AUSTURÁ MIÐFIRÐI 1983

Reykjavík júní 1984

VEIÐIMÁLASTOFNUN

EINTAK BÓKASAFNS

Sigurður Már Einarsson

Veiðimálastofnun

VEIÐIMÁLASTOFNUNIN

PÓSTHÓLF 754-101 REYKJAVÍK

Júní 1984.

Sleppingar á sumaröldum seiðum
í Austurá Miðfirði 1983.

Inngangur:

Sumarið 1981 fór fram stór slepping á sumaröldum laxaseiðum á ólaxgeng svæði í vatnakerfi Miðfjarðarár. Athugun á árangri þessara sleppinga var gerð árið eftir (Sigurður Már Einarsson 1982) og kom þá í ljós að almennt virtust sleppingarnar hafa skilað góðum árangri hvað varðaði vöxt og viðgang seiðanna. Aðeins í Austurá veiddist fremur líðið af seiðum og þótti því ástæða til að kanna vöxt og afföll seiða í Austurá nánar. Var því lagt til að sleppt yrði á afmörkuð tilraunasvæði þar sem auðvelt væri síðar meir að kanna árangur sleppiseiðanna. Þessari áætlun var fylgt er sleppt var í Austurá sumarið 1983.


Frankvæmd:


Þann 21 júlí 1983 var 9000 laxaseiðum sleppt í Austurá. Seiðunum var dreift í þéttleika $0,5 \text{ m}^2$ á bæði svæðin. Sleppi-svæðin eru sýnd á mynd 1 og eru þau fyrir ofan og neðan brú að Skárastöðum. Áin er á þessu svæði u.þ.b. 20 m að meðalbreidd og ca. 10 - 20 cm að dýpt. Botn er fremur grófur (smágrýtt til grýtt) og eru því ákjósanleg búsvæði fyrir laxaseiði á þessum kafla.

Fyrir sleppingu var hluti seiðanna mældur (mynd 2) og reyndist meðallengd þeirra vera 5,74 cm.

Hitastig árinna var $10,2^\circ\text{C}$ kl 15⁰⁰ og leiðni var 75,0 US/cm við 25°C .

MYND 1: SLEPPISVAÐI Í AUSTURÁ





MYND 2: Lengdardreifing sleppiseida í Austurá